

**Sp.**

#### **140. Þingsályktun**

um rannsókn á hafnarstöðum fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu frá Berufirði til Skinneyjarhöfða og víðar.

(Afgreidd frá sameinuðu þingi 11. janúar).

Alþingi ályktar, í framhaldi af þingsályktun 1915 um rannsókn hafnarstaða og lendinga, að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem unt er, hafnarverkfræðing rannsaka skilyrði fyrir byggingu öruggrar hafnar fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu milli Berufjarðar og Skinneyjarhöfða, að báðum þeim stöðum meðtöldum, svo og í Vik í Mýrdal eða við Dyrhólaey og í Garði í Gullbringusýslu, og ennfremur að rannsaka innsigling og hafnarstað í Paralátursfirði og í Kollafirði í Strandasýslu og útvega kostnaðaráætlun um hafnarbyggingu eða hafnarbætur, ef tiltækilegt virtist að koma þeim á.